

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

*Naustavör 52-58. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 12. september 2023 breytingu á deiliskipulaginu „Bryggjuhverfi við Kársnes“ fyrir lóðina Naustavör 52-58.

Í breytingunni felst að heimilt verði að byggja svalaskýli á hluta þaksvala íbúða 0405 og 0406 á 4. hæð í Naustavör 54 og 56. Stærð svalaskýlis íbúðar 0405 verði 2,62 m x 8,77 m, samtals 23 m<sup>2</sup> og stærð svalaskýlis íbúðar 0406 verði 2,93 m x 8,77 m, samtals 25,7 m<sup>2</sup>.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 20. september 2023.*

**Auður Dagný Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 4. október 2023